

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1748
komudagur 14.4.2004

Dómsmálaráðuneytinu 30.03.2004.

Minnispunktur vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um útlendinga, er varða Samning sameinuðu þjóðanna um fjölþjóðlega og skipulagða brotastarfsemi ásamt viðaukum við hann.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað en ekki fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um fjölþjóðlega og skipulagða brotastarfsemi né þrjá viðauka við þann samning um smygl á fólki, verslun með fólk og ólöglega vopnasölu. Þessir samningar hafa því ekki skuldbindingargildi fyrir íslenska ríkið né þegna þess. Það er hins vegar fyrirsjáanlegt að verði samningarnir fullgiltir verði að gera breytingar á íslenskri löggjöf.

Í löggjöf okkar í dag eru þegar ákvæði sem kveða á um að ýmis háttsemi sem getur tengt smygli á fólki, sé refsiverð, s.s. að framvísa fölsuðum vegabréfum á landamærum. Þessum ákvæðum þyrfti að breyta yrði ákveðið að fullgilda SP-samninginn um fjölþjóðlega og skipulagða brotastarfsemi ásamt viðaukum hans. Sú breyting sem frumvarp það sem nú liggur fyrir allsherjarnefnd felur í sér breytir engu um þessa stöðu. Breytingar á löggjöfinni eru nauðsynlegar ef tekin verður ákvörðun um fullgildingu samningsins hvort sem þetta frumvarp verður að lögum eða ekki.